

16. Frumvarp

til laga um eignar- og notkunarrétt hveraorku.

(Lagt fyrir Alþingi 1931).

1. gr.

Í lögum þessum nefnast þær vatnsuppsprettur og þau loft- eða gufuaugu, sem hafa 15 stiga hita á Celsiusmæli eða meira allt árið, einu nafni hverir. Hveraorka er sú hitaorka, sem hagnýtt verður úr hverum.

2. gr.

Landareign hverri innan þinglýstra takmarka, fylgir réttur til umráða og hagnýtingar á hverum (jarðhita) sem í henni eru, þó með takmörkunum þeim, sem lög þessi tilgreina.

3. gr.

Nú liggja landamörk um hverasvæði þannig, að einhver hluti hveranna liggur svo í landareign tveggja eða fleiri landeigenda, að ekki verður aðskilið,

þegar hagnýtt er, og skal þá umráða- og hagnýtingarrétturinn vera sameign þeirra.

Ef landeigendur verða ekki ásáttir um réttindi til hagnýtingar, skal mat skera úr.

Nú vill einn eða fleiri hagnýta hveraorkuna, sem er sameiginleg, en aðrir ekki, og getur þá hinn eða hinir fyrri hagnýtt alla orkuna, svo sem væri hún öll í hans eða þeirra landi. Hinn eða hinir síðari eiga engar bætur fyrir hagnýting orkunnar, en hann eða þeir geta hvenær sem er síðar orðið þátttakendur í hagnýtingu hennar með því að leysa inn sinn eða sína hluta. Náist ekki samkomulag um innlausnina, skal mat skera úr.

Nú rennur heitt vatn frá hver að fornu fari yfir á annars manns landareign, og er þá hveraeiganda eða landeiganda óheimilt að breyta að nokkru leyti farveg þess vatns, sem rennur frá hverunum, fyrr en skorið er úr því með mati, ef ekki næst samkomulag á annan hátt, hvernig hagnýtingarréttinum verði skipt milli eiganda hvera eða lands eða hvernig sameign þeirra er varið.

4. gr.

Landeigandi má ekki undanskilja landareign sinni jarðhitaréttindi, nema með sérstöku leyfi atvinnumálaráðherra. Þó má hann, ef um sameign er að ræða, sbr. 2. gr., selja meðeiganda án sérstaks leyfis. Kaup á slíkum réttindum eru landkaup.

5. gr.

Landeiganda er rétt að hagnýta sér hverri, eða ráðstafa þeim, eins og honum þykir bezt henta, sbr. þó 3. gr. Hann hefir rétt til að stífla frærennsli úr þeim, hlaða bakka um þau, gera garð um þau, ræsa fram ofanjarðar eða neðan, án þess hætta stafi af, eða veruleg óþægindi fyrir umferð, eða spjöll á eign annars manns, sem ekki er skylt að hlíta samkvæmt sérstakri heimild.

Skylt er landeiganda að girða umhverfi hvera, ef sérstök hætta stafar af.

6. gr.

Óheimilt er landeiganda eða umráðamanni að spilla hverum á landi sínu, hvort sem það er með ofaniburði, framræslu eða með öðrum hætti, nema það sé talið nauðsynlegt samkvæmt matsgerð, til varnar því landi eða landsnytjum.

Hvorki landeigandi né aðrir mega breyta goshverum, nema með leyfi atvinnumálaráðherra. Ríkisstjórnin getur fyrirskipað friðun á tilteknum hverum (sbr. lög nr. 40, 16. nóv. 1907, um verndun fornmenja).

7. gr.

Nú vill jarðeigandi ekki leggja neinn kostnað fram til hagnýtingar hveraorku á jörðinni, og er þá ábúanda heimilt að hagnýta hana á sinn kostnað, þó þannig, að hann spilli ekki jörð að neinu leyti. Má því ekki byrja á verkinu, fyrr en það hefir verið álitnið af úttektarmönnum, og þeir talið það réttmætt.

8. gr.

Ef héraðsstjórn telur rétt, að taka hveraorku einhverrar jarðar, til almennra afnota í héraðinu, og fær til þess samþykki ráðherra, þá hefir hún rétt til að taka orkuna eignarnámi, þó þannig, að jarðeigandi eða umráðamaður hafi eftir nægilega hveraorku til nauðsynja sinna, nema hann óski heldur endurgjalds í peningum. Um eignarnámið fer að öðru leyti eftir lögum nr. 61, 14. nóv. 1917.

9. gr.

Nú eru hverir þannig settir, að þeir verða ekki hagnýttir af landeiganda eða héraðsbúum eða þeir eru taldir meiri en svo, að þeir nægi landeiganda einum eða héraðsbúum, eftir að fram hefir farið rannsókn sú, sem rætt er um í 11. gr., og hefir ríkið þá rétt til að taka hverina eignarnámi á sama hátt og segir í 8. gr.

10. gr.

Pegar hverir hafa verið teknir eignarnámi, sbr. 8. og 9. gr., eru landeigendur og leiguliðar á því svæði, sem orkan á að koma til afnota, skyldir að þola öll mannvirki, er af notkun leiðir, á löndum sínum og lóðum, svo og láta af hendi land og mannvirki, og þola hverskonar afnot af landi, takmarkanir á umráðarétti og óþægindi, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, viðhalds þess og starfrækslu, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveðið skal með mati, ef samkomulag næst ekki.

11. gr.

Ríkið hefir rétt til að láta rannsaka hveraorku með borun eða á annan hátt, hvar sem er á landi hér. Er landeigandi eða umráðamaður skyldur til að leyfa mönnum þeim, er ríkið gerir út í þeim tilgangi, óhindraðan aðgang að landareigninni. Verði landið fyrir einhverjum skemmdum við rannsóknina, eða biði landeigandi eitthvert tjón af henni, skal það bætt að fullu eftir mati úttekta-
manna, náist ekki samkomulag. Enga aðstoð er landeigandi eða umráðamaður skyldur að láta í té við rannsóknina, nema fyrir fulla borgun.

12. gr.

Nú vill einhver annar en landeigandi eða umráðamaður, bora eftir neðanjarðar hveraorku, og sýnir að hann er þess megnugur, og skal hann þá fá leyfi til þess hjá lögreglustjóra. Í leyfisbréfi skal tiltekið á hvern hátt rannsókninni skuli hagað og hversu stórt svæði er látið af hendi. Skal miða það við, að leyfisbeiðandi fái nægilega stórt svæði til rannsóknar, og væntanlegrar hagnýtingar með borun, án þess að vænta megi verulegra truflana frá borholum utan svæðisins. Tiltekið skal í leyfisbréfi, hversu nálægt mörkum svæðisins leyfishafi megi bora með tilliti til væntanlegra borana annara utan svæðisins. Skal lögreglustjóri í því efni fara eftir álitum ráðunautar ríkisstjórnarinnar.

Áður en leyfi er veitt, skal lögreglustjóri tilkynna landeiganda, að sótt hafi verið um borunarleyfi. Skal þá landeigandi gefa yfirlýsingu um það, hvort hann ætli sjálfur að bora eftir hveraorku og má eigi leyfa það öðrum, ef

hann vill sjálfur bora, enda byrji hann á því innan tiltekins hæfilegs tíma. Leyfi þarf hann ekki og engin gjöld greiðir hann til ríkissjóðs.

Áður en leyfishafi byrjar að bora, skal fara fram úttekt á leyfissvæðinu af úttektarmönnum og hveraorkan mæld.

Sá er borunarleyfi fær, öðlast einkarétt til hveraorkurannsókna á leyfissvæðinu og rétt til virkjunar á þeirri neðanjarðar hveraorku, er hann finnur (sbr. þó 15. gr.), enda greiði hann árlegt gjald til ríkissjóðs, eftir því, sem nánar verður tiltekið í leyfisbréfinu. Fyrir leyfisbréf skal greiða 200 krónur, er renna í ríkissjóð. Árgjald til ríkissjóðs má fella burt, ef virkjað er til almenningsþarfa eingöngu.

Leyfishafi skal greiða fullar bætur fyrir átroðning og spjöll, er landeigandi kann að verða fyrir, og fyrir þau óþægindi, er leyfishafi kann að baka öðrum með rannsóknum sínum, eða með hagnýtingu hveraorkunnar.

Verði leyfishafi að taka land til notkunar í sambandi við hagnýtingu hveraorkunnar, skal það bætt að fullu, og fyrir hveraréttindi, er jörðinni fylgdu, en sem leyfishafi skerðir eða breytir við hagnýtingu hveraorkunnar, skal hann í staðinn láta landeiganda í té jafnmikla hveraorku og landeigandi missir, nema hann óski fremur endurgjalds í peningum.

Ef ágreiningur verður um endurgjald fyrir átroðning og spjöll, bætur fyrir land, afhending hveraorku eða fjárgreiðslu í stað hveraorku eða annað slíkt, skal skorið úr þeim ágreiningi með mati.

Leyfishafi er skyldur til að láta landeiganda í té svo mikið af þeirri hveraorku, er hann nær haldi á með borun, sem landeigandi óskar, gegn því að hann greiði kostnað af boruninni að tiltölu við hveraorku þá, sem hann fær til umráða. Semji ekki um þá greiðslu skal úr því skorið með mati. Sama og hér er sagt um rétt landeiganda til að fá umráð yfir hveraorku, sem leyfishafi hefir náð haldi á með borun, gildir um þá hveraorku, sem ríkið hefir náð upp með borun samkv. 11. gr. Af þeirri hveraorku, sem landeigandi þannig fær umráð yfir greiðist ekkert gjald til ríkissjóðs.

13. gr.

Leyfisbréf til borunar, eða forgangsrétt til borunar má ekki framselja nema með leyfi atvinnuáráðherra.

14. gr.

Leyfishafi er skyldur til þess að hafa fyrirskipaðar dagbækur um rannsóknir sínar og senda skýrslu um þær til atvinnuáráðuneytisins eftir nánari fyrirmælum, er fram skulu tekin í leyfisbréfi. Ráðherra getur látið ráðunaut sinn hafa eftirlit með borunarrannsóknunum, og skal honum heimill aðgangur að öllum gögnum, er leitt geti til einhvers hagnýts og visindalegs árangurs af rannsóknunum.

15. gr.

Nú er borunarrannsókn lokið og skal þá byrjað á hagnýting jarðhita innan ákveðins árafjölda, sem tiltekinn er í leyfisbréfinu, þó aldrei síðar en innan 10 ára. Að öðrum kosti fellur forgangsréttur leyfishafa til virkjunar jarðhita

niður, og er þá hverjum heimilt að fá nýtt leyfi til borunar og hagnýtingar eins og segir í 12. gr. Við umsókn um borunarleyfi, ef fleiri eru, gengur hagnýting til almenningsþarfa fyrir, og umsókn héraðsstjórna fyrir umsóknum einstakra manna.

16. gr.

Til hagnýtingar hveraorku, sem borað hefir verið fyrir, þarf sérstakt leyfi atvinnuáráðherra, ef meira en 500 hestöfl (hreyfiöfl) eru og fara að öllu leyti með sem vatnsafl væri eftir vatnalögum.

Ef borunarmanni er synjað um leyfi til hagnýtingar, af því héraðsstjórn eða ríkisstjórn vill sjálf hagnýta orkuna til almennra þarfa, á hann rétt til að fá endurgreiddan allan kostnað, er leitt hefir af borunum hans, og eftir atvikum bætur eftir mati fyrir réttindamissi.

17. gr.

Um rafmagnsveitur eða rafstöðvar, sem jarðhita nytja, fer eftir ákvæðum vatnalaga, um raforkuver og veitur, og eftir ákvæðum laga nr. 7, 15. júní 1926 um raforkuvirki. Um hitaveitur fer eftir ákvæðum laga þeirra, er á hverjum tíma gilda um öryggi og eftirlit með verksmiðjum og vélum, en að öðru líkt og um vatnsveitur samkvæmt vatnalögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir Alþingi 1928 og 1929, en var eigi útrætt á þeim þingum. Þykir stjórninni vera hin sama ástæða, sem þá, til að leggja það á ný fyrir þingið og visast til athugasemda þeirra, er fylgdu frumvarpinu 1928, er það var fyrst lagt fyrir þingið. Frumvarpinu hefir verið lítilsháttar breytt og bætt við tveim greinum, 1. gr. sem skilgreinir hver og hveraorku, og 14. gr. um að sá, sem leyfi fær til borunar skuli skyldur að gefa atvinnuáráðuneytinu skýrslur um rannsóknir sínar. Er fróðlegt og gagnlegt að fá slíkar skýrslur þaðan sem borun fer fram. Bætt hefir verið nýjum málslíð við 2. málsg. 12. gr. og nýrri málsgrein aftan við sömu grein, sem hvorttveggja miðar að því að tryggja landeiganda aðgang að því að nota sér hveraorku þá, sem felst í jörð hans, en eigi verður náð nema með borun.